



ÁLFHÓLSSKÓLI

# **Skólanámskrá Álfhólsskóla**

## **3. bekkur**

## Efnisyfirlit

3.bekkur .....	3
Upphafs skólastarfs í 3.bekk .....	3
Ytra skipulag.....	3
Innra skipulag .....	3
Skólareglur.....	4
Læsisstefna.....	4
Skimanir og mat .....	5
Enska.....	6
Íslenska.....	9
Listgreinar .....	12
Leiklist og dans .....	13
Myndlist.....	14
Tónlist.....	14
Verkgreinar .....	16
Heimilisfræði.....	17
Hönnun og smíði .....	18
Textíl.....	18
Samfélags- og náttúrufræði.....	19
Skák.....	22
Skólaíþróttir.....	24
Stærðfræði .....	26

## 3.bekkur

Í árganganámskrá Álfhólsskóla fyrir 3.bekk kemur fram hvernig skólinn skipuleggur skólastarfið og kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati í hverri námsgrein. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Upphafs skólastarfs í 3.bekk

Skólasetning fyrir nemendur í 3.bekk og forráðamenn þeirra fer fram á hverju hausti í sal skólans Digranesmeginn við upphaf fyrsta kennsludags. Í kjölfar skólasetningar er forráðamönnum boðið inn í kennslurými viðkomandi árgangs þar sem fer fram stutt kynning á áherslum og starfi vetrarins.

### Ytra skipulag

Nemendur í 3.bekk fá fimm 40 mínútna kennslustundir á dag í skólanum. Skóladagur nemenda í 3.bekk hefst stundvíslega kl. 08:10. Skólinn er opinn frá kl. 07:30 og boðið upp á hafragraut í matsal skólans frá 07:45. Þó ber að nefna að ekki er gæsla á göngunum fyrr en eftir kl. 08:00 og eru þá bekkjarstofur opnaðar. Nemendur fá morgunhressingu kl. 09:20 eða kl. 09:50 (eftir því hvort nemendur eru í list- og verkgreinum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum). Lögð er áhersla á að nemendur komi með holt og gott nesti svo þeir geti sinnt náminu vel og haldið góðri einbeitingu. Mælst er til þess að þeir séu eingöngu með vatn, ávexti og/eða grænmeti. Frímínútur/útvíst er kl. 09:30-09:50. Því næst er kennsla til kl. 11:10 en þá fara nemendur í 3.bekk í mat og útvíst til kl. 12:00. Forráðamenn geta skráð nemendur í mataráskrift og fá þá nemendur heitan mat í hádeginu. Þeir sem ekki eru skráðir í mat koma með nesti. Að matartímanum og útvíst lokinni er kennsla til kl. 13:20. Nemendur í 3.bekk sem eru skráðir í frístund geta dvalið þar allt til kl. 17:00.

Í 3.bekk er árgangamiðað fyrirkomulag þar sem nemendur upplifa sig sem hluta af árgangi en ekki ákveðnum hópi innan árgangsins. Þrír umsjónarkennarar vinna með hópinn í teymiskennslu. Nemendum er skipt upp í vinnuhópa eftir því sem við á hverju sinni og þar kemur einnig inn stuðningur frá sérkennslu og alþjóðanámsveri. Umsjónarkennarar skipta með sér umsjón nemenda og því er nemendum óformlega skipt í ákveðna umsjónarhópa. Þrjár samliggjandi stofur eru skilgreindar fyrir 3.bekk hverju sinni og eru nemendur í tvö ár á þessu kennslusvæði. Þannig verða nemendur öruggari í rými sínu og þekkja það betur um leið og vinnubrögð nemenda festast betur í sessi.

### Innra skipulag

Í 3. bekk er virk hópaskipting nemenda og sveigjanlegt fyrirkomulag eins og hægt er. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og virka þátttöku nemenda í náminu. Mikil samþætting er í námi nemenda og er reynt að tengja læsi og lestrarkennslu við sem flestar námsgreinar. Í greinarhluta hér að neðan er greint nánar frá kennsluaðferðum og námsmatsleiðum í ólíkum námsgreinum.

Í 3. bekk er mikið lagt upp úr sýnilegu skipulagi. Í upphafi dags fer kennari myndrænt yfir daginn með nemendum og er dagskipulagið sýnilegt nemendum í kennslurými þeirra.

Í Álfhólsskóla er rík áhersla á heimalestur og eiga nemendur í 3. bekk að lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar ásamt sóknarskrift. Öðru heimanámi er haldið í lágmarki en birtist á Mentor ef við á.

Í lok vikunnar senda umsjónarkennarar vikupóst á foreldra þar sem þeir koma á framfæri mikilvægum upplýsingum varðandi skólastarfið og faglegum ábendingum.

### Skólareglur

Í upphafi hvers skólaárs halda umsjónarkennarar bekkjarfundi með nemendum sínum og útbúa í sameiningu bekkjarreglur sem taka mið af skólareglum og skólamenningu. Skólareglur eru eftirfarandi:

1. Við sýnum hvert öðru virðingu.
2. Við erum stundvís.
3. Við göngum vel um.
4. Við erum ekki á faratækjum á skólalóðinni.
5. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina án leyfis.
6. Skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum.
7. Notkun snjalltækja er í samráði við kennara.
8. Við komum með holla og góða fæðu í skólann nema við sérstök tilefni.

Við berum öll ábyrgð á að fara eftir reglum skólans. Brijóti nemandi skólareglur og/eða hegðun hans óviðunandi fylgir skólinn verklagsreglum um ferli vegna slíkrar hegðunar.

Aðgerðir og viðurlög við brotum á skólareglum má finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun ár hvert.

### Læsisstefna

Mennta og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við sveitarfélög og skóla setti fram þjóðarsáttmála um læsi sem hefur það að markmiði að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Átakið skal gilda til ársins 2018 og er læsisstefna Kópavogs byggð á sama grunni eins og sjá má á heimasíðu Kópavogsbæjar. Læsisstefnuna má lesa á í heild sinni á [heimasíðu skólans](#).

Í stefnu Kópavogsbæjar eru sett fram skýr markmið til skóla bæjarins um að þeim beri að stefna að því að 90% nemenda verði læsir í lok grunnskóla eins og þjóðarsáttmálinn kveður á um. Skólarnir hafa hver um sig mótað sína eigin stefnu um hvernig þeir vilja ná þessum markmiðum.

Ný læsistefna Álfhólsskóla hefur verið birt á heimasíðu skólans og var stefnan unnin af læsisteymi skólans, en í því sitja bæði almennir kennarar og sérkennarar af öllum aldurstigum. Markmiðið með læsistefnu Álfhólsskóla hefur verið að fastmóta leiðir í lestri og lestrarfærni og setja fram námsmarkmið í lestrarkennslu. Læsisteymið vann að því að setja fram markvissar áherslur um lestrarkennslu og áætlanir um greiningar og próf. Niðurstöður eru ætlaðar til að finna leiðir til úrbóta. Lesskilningur og lestrarframfarir eru grunnþættir þeirrar vinnu sem þarf að vera í sífelldri þróun. Því er viðbúið að breytingar eigi sér stað bæði með nýjum leiðum og nýrri sýn á greiningar og próf.

### Skimanir og mat

Í 3.bekk er lagt fyrir lesskimunarpróf Menntamálastofnunnar þrisvar á ári, eins og í öllum árgöngum skólans, og niðurstöðum skilað inn rafrænt. Þessi próf gefa sýn á hvar nemandinn er staddur í lestarferlinu. Að auki er svo stafsetningarskimunarpróf einu sinni yfir skólaárið.

Nemendur í 3.bekk fara allir í gegnum LOGOS skimunarpróf að hausti. Tilgangur þessara skimana er að kanna stöðu nemenda varðandi leshraða og lesskilning og eins að finna nemendur sem eru í áhættuhópi vegna lestrarerfiðleika. Þar sem skimunin er lögð fyrir við sömu aðstæður og gerðar á sama tíma ár hvert gefur þetta skólanum umfangsmiklar upplýsingar um stöðu nemenda. Mikilvægt er að niðurstöður skimana séu nýttar til að bæta læsiskennslu og veita nemendum aðstoð við hæfi. Með þessari vinnu skapast meiri skilningur og réttari sýn á stöðu nemenda hjá kennurum sem og foreldrum.

## Enska

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að nýta sér þá þekkingu. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum og læra að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Að auki er mikilvægt að hafa gott vald á ensku þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku.

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls.

**Tímafjöldi á viku:** Ein kennslustund á viku (40 mín)

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum.

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• stuðlar að jákvæðum skólabrag,</li> <li>• sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li> <li>• fær markvissa endurgjöf sem styrkir jákvæða sjálfmynd nemenda.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum,</li> <li>• fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra.</li> <li>• tekur tillit til skoðana annarra,</li> <li>• hjálpar og styður við aðra nemendur í gegnum samvinnunám,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• eykur víðsýni sína og læsi á aðra menningarheima.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kemur fram við aðra sitt af virðingu og tillitssemi,</li> <li>• vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li> <li>• vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,</li> <li>• temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li> <li>• er hvattur til að vera virkur og sjálfstæður í verkefnavali.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesi upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu,</li> <li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,</li> <li>• nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,</li> <li>• vinnur með læsi í víðum skilningi í tungumálum,</li> <li>• þjálfar lesskilning á margbreytilegan hátt, s.s. myndlæsi og miðlalæsi.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans,</li> <li>• þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virkir hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,</li> <li>• nýtir hæfileika sína, skapar afurð og vinnur skapandi verkefni.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Nemendur vinna að ýmiskonar verkefnum ýmist einstaklingslega eða í hóp. Áhersla er lögð á hlustun, tjáningu og skilning.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- skilið einfalt mál á ensku er snýr að reynsluheimi þeirra,
- lesið og skilið stuttan texta á ensku um efni sem snertir daglegt líf, þekktar aðstæður og áhugamál þeirra,
- haldið uppi einföldum samræðum með eðlilegum framburði á ensku, hafi lykilorðaforða og kunni að beita einföldum kurteisvenjum,
- í einföldu máli notað lykilorðaforða í ensku, sagt frá og beitt eðlilegum framburði og áherslum,
- skrifað og stafsett rétt einföld orð og setningar úr lykilorðaforða og daglega lífi sínu og notað algengustu greinarmerki,
- sýnt fram á að þeir þekki og skilji ýmsa þætti er snúa að daglegu lífi og því sem er líkt og ólíkt í eigin menningu,
- sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með aðstoð kennara.

Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins. Stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar koma inn í námshópa þar sem þörf er á. Viðfangsefnið er nálgast á fjölbreyttan hátt t.d. í gegnum tónlist, leiklestur, beina kennslu, verkefnavinnu, gagnvirka kennslu, leiki, spil o.fl. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn. Sjá nánar á Mentor.

### Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Work out og Speakout
- Enska með gátum og skráttlum
- Náms.is -Play with English og Adventure Island of English Words
- Skólavefurinn Enska: Læsi og orðaforði I
- Starfall.com
- Englishgame.is
- Youtube.com bæði leikir og myndbönd



# Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** Sex kennslustundir (40 mín) á viku.

## Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í íslensku í 3. bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,</li> <li>lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,</li> <li>þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfast í gagnrýnni hugsun,</li> <li>er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafli,</li> <li>mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra.</li> </ul>

## Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Nemendum er skipt niður í misstóra hópa þvert á árganginn og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Skipt er upp í ólíka hópa eftir viðfangsefninu hverju sinni og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

Kennsluáðferðir og skipulag í lestri er unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Einnig er notast við fjölbreyttar lestrarþjálfunaraðferðir t.d. PALS, víxlestur, samlestur og yndislestur. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópum og er notast við margskonar kennsluáðferðir, t.d. beina kennslu/innlögn, leikræn tjáning, leikir, útikennsla, reynslunám, spil, stöðvavinna, útlistunarkennsla, hugarkort, umræðu- og spurninaraðferðir, hlustun, framsögn o.fl.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi,
- tjáð skoðanir sínar, sagt skipulaga frá og gert grein fyrir þekkingu sinni,
- lesið texta af gagnrýnum huga,
- ráðið yfir ýmsum leiðum til skilnings og túnlunnar og metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga,
- kynnst ýmis konar bókmenntum,
- náð valdi á rituðu máli og miðla efni til annarra,
- skrifað margvíslegan texta og tjáð sig skriflega,
- gagnrýnt og endurskoðað eigin texta,
- tekið uppbyggilegri og faglegri gagnrýni annarra og nýtt sér hana til að bæta ritsmíðar sínar,
- verið viðræðuhæfir um mál og málfar,
- orðið betri málnotendur.

Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn. Sjá nánar á Mentor.

### **Bjargir fyrir kennara og nemendur**

- Íslenska í 3. og 4. bekk - Handbók kennara
- Skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara
- smarttafla.

## Listgreinar

Listir eru einn þeirra grunnþátta sem mótar daglegt líf og er svo samofinn menningu, menntun og velferð hvarrar manneskju að oft erum við ekki meðvituð um sérstaka tilvist lista og dagleg áhrif þeirra. Listgreinum er skipt í sviðslistir, þ.e. tónmennt, dans, leiklist og sjónlistir. Listir eru því margar ólíkar greinar þó ýmsilegt tengi þær saman. Áhersla er á sköpun, tækni, fagurfræði og gildi, verkunnáttu, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Í listfræðslu þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat og sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og umræðu, sköpun og frumkvæði, ábyrgð á eigin sköpun og þá undirstöðu sjálfbærni, framsetningu, túlkun og tjáningu, menningarlæsi og samfélagsþekkingu, þekkingu á og virðingu fyrir stílum, straumum og stefnum og þá fjölmenningu. Í tónlist og leiklist þjálfar nemendur sérstaklega samvinnu í sköpun og frumkvæði og virðingu í skoðanaskiptum sem stuðlar að aukinni samlíðan, jafnrétti og lýðræðislegum vinnubrögðum. Um leið og hver listgrein er fræðigreinin sem krefst þekkingu grunnþátta tiltekinnar fræðigreinar eru listgreinar einnig góð leið til að læra aðrar námsgreinar.

**Tímafjöldi á viku:** Sex kennslustundir (40 mín) á viku, 6-7 vikur í senn.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í listgreinum í 3.bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• eflir sjálfsþekkingu, innsæi og samlíðan,</li> <li>• eykur vellíðan sína, sjálfstraust, gleði og jákvæðni,</li> <li>• notar rétta líkams- og raddbeitingu,</li> <li>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og finna hæfileikum sínum farveg,</li> <li>• fær þjálfun í tjáningu, framkomu, sviðsframkomu og framsögn,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>• eflir samskiptafærni sína, temur sér fordómaleysi og leggur sitt að mörkum til samvinnu,</li> <li>• tileinkar sér virðingu fyrir eigin hugmyndum og sköpun sem og annarra,</li> <li>• fer eftir reglum og sýnir ábyrgð og virðingu í samskiptum.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þjálfar gagnrýna hugsun,</li> <li>• sýnir öðrum virðingu óháð stöðu, stétt, trú, þjóðerni, tungumáli, lífsskoðunum o.s.frv.</li> <li>• geri sér grein fyrir fjölbreyttum tilgangi listarinnar í samfélaginu.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlast læsi á ólíka stíla og stefnum, form og rými,</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• eflir læsi í tónlist, myndlist, arkitektúr, sjónlistum, leiklist, dansi,</li> <li>• eflir verklæsi; á áhöld og verkfæri og nýtni þeirra og möguleika,</li> <li>• geti tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð,</li> <li>• nýtir tækni; tónlistarforrit, myndlistarforrit o.s.frv., til verkefnavinnu.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• er sjálfstæður í vinnubrögðum og ber ábyrgð á eigin verkefnum,</li> <li>• tileinkar sér fjölbreytta vinnuhætti,</li> <li>• nýti sér efni og aðstæður í nánasta umhverfi,</li> <li>• ber virðingu fyrir umhverfi sínu og þörfum þess.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir hæfni, leikni og þekkingu sem hefur verið numin á skapandi hátt,</li> <li>• vinnur frá ferli hugmyndar til afurðar,</li> <li>• sýnir frumkvæði og frumleika við nýsköpun,</li> <li>• tekst á við verkefni og sýnir hæfni sem krefst skapandi, lausnamiðaðrar hugsunar,</li> <li>• eflir fagurfræðilega hugsun og siðferði.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Listgreinum er skipt upp í leiklist, tónlist og myndlist. Tónlist og myndlist er kennd í lotum 6 - 7 vikur í senn, þrisvar sinnum tvöfalda tíma í viku. Leiklist fléttast inn í daglegt skólastarf í samþættingu við íslensku, ensku, lífsleikni, íþróttir, samfélags- og náttúrfræði. Nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hóp. Kennsluaðferðir eru m.a. bein kennsla, gagnvirk kennsla, uppgötvunarnám, sýnikennsla, leitarnám, hópvinna og hlutverkaleikir. Lögð er áhersla á samþættingu við aðrar greinar, bóknáms- og list- og verkgreinar. Nemendur vinna með sama viðfangsefnið en nemendur fá verkefni og stuðning við hæfi. Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn fyrir hverja listgrein. Sjá nánar á Mentor

### Leiklist og dans

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform,

hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Leiklistarkennslan getur tekist á við þau mál sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og brenna á nemendum. Þannig skerpist samfélagsvitund þeirra og þeir virkjast til lýðræðislegrar þátttöku. Leiklist nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í greinum eins og móðurmáli, samfélagsfræði, sögu og erlendum tungumálum og getur þannig gegnt lykilhlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða. Leiklistin felur einnig í sér fjölda leikja og æfinga sem geta krafist mikillar líkamlegrar virkni og útrásar.

### Bjargir í leiklist fyrir kennara og nemendur

- Leiklist í kennslu
- <http://www.leikumaflist.is/>
- <http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/thjodleikur/leiklistaraefingar>
- [Leikjavefurinn.is](http://www.leikjavefurinn.is)
- Youtube.com
- <http://vefir.nams.is/leikritasmidjan/#>
- Green screen

### Myndlist

Í myndlist fær nemandinn tækifæri til að tjá sköpunarkraft sinn, tileikina sér tækni og þjálfra verklega hæfni. Nemendur þjálfra tilfinningu sína fyrir litum, línum og formum. Nemendur skapa myndverk og hluti og læra ferlið frá hugmynd til lokaafurðar.

### Bjargir í myndlist fyrir kennara og nemendur

- Myndmennt 1 og 2
- Húsdýrin okkar,
- Kattabókin
- Alfræði í máli og myndum og fleiri dýrabækur
- Jólábókin sem Ásdís myndskreytti
- Sögu- og ævintýrabækur
- 365 hugmyndir til að teikna
- Myndböndin: Húsamúsinn og Talnapúkinn

### Tónlist

Tónlist er ein elsta og náttúrulegasta tjáningar- og skynjunarleið hvernar manneskju og er því einn grunnþáttur í tilvist hvernar manneskju. Tónlistin er samofin hrynjanda, sköpun, skynjun og tjáningu hvers einstaklings og umhverfis hans. Hún er samofin flestum öðrum þáttum í lífi hvers manns allt frá hjartslætti og lífsklukku hvers einstaklings og umhverfis hans, til menningarlegra hátíðarhalda og samfélagslegs notagildis, til tónlistar sem fræðigreinar og listforms

hámenningar hvers samfélags. Tónlistin er tungumál tilfinninga og fagurfræðilegrar upplifunar. Tónlist er sjálfstæð fræðigrein sem krefst þekkingar, hæfni og leikni í grunnþáttum. Í því felst þekking grunnþátta tónlistar, hæfni til að nýta þá í eigin sköpun og framsetningu og leikni sem eflir tækni, þroskar fínhyfingar, samhæfingu og samvinnu hugar, hjarta og handa. Að auki er tónlist samofin öðrum námsgreinum.

### **Þjargir í tónlist fyrir kennara og nemendur**

- Nams.is
- <http://skrif.hi.is/tonmennt/>
- <http://www.therhythmtrainer.com>
- Youtube.com: Nick the Music Man
- Garageband (fyrir hljóðupptökur)
- Tonmennt.is
- Tonmennt.com
- Bækur með geisladiskum: Töfraflautan , Strengir á tímaflakki eftir Pamelu De Sensi. Þjört í Sumarhúsum eftir Þórarinn Eldjárn.
- Maxímús músíkús eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarinn Már Baldurss

## Verkgreinar

Megintilgangur með námi í verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir veiga og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Verkbekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og áttað sig á atvinnu- og námstækifærum. Undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.

**Tímafjöldi á viku:** Sex kennslustundir (40 mín) á viku, 6-7 vikur í senn.

### Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpættir menntunar í verkgreinum í 3.bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitir líkamanum rétt,</li> <li>• fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja,</li> <li>• vinnur sjálfstætt,</li> <li>• viðhefur góð samskipti og samvinnu,</li> <li>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga,</li> <li>• gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær tækifæri til að rækta hæfileik sína og þroskast á eigin forsendum án fordóma,</li> <li>• fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkar sér almenna kurteisi í samskiptum,</li> <li>• kemur fram af virðingu,</li> <li>• fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og aðlaga að sínu áhugasviði.</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnur eftir ferli frá hugmynd til afurðar,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök,</li> <li>• nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi sínu og samskiptum,</li> <li>• nýtir vel þann efnivið sem unnið er með, endurvinnsla höfð að leiðarljósi,</li> <li>• gengur vel um stofu, tæki og áhöld,</li> <li>• velur og notar verkfæri sem hæfa viðfangsefni.</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fær tækifæri til að tjá sig og virkja ímyndunaraflíð,</li> <li>• nýtir fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt t.d. með endurnýtingu efna,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið og leitar lausna við vinnu sína,</li> <li>• Setur persónulegan blæ á verkefni sín.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Kennt er í námslotum þar sem nemendur fá að jafnaði 34 kennslustundir í hverri grein. Nemendum árgangsins er skipti í blandaða hópa. Í grunninn er viðfangsefni allra nemendanna það sama en þó getur áherslan og verkefni verið mismunandi eftir gerð hópsins og aðlagað að einstaka nemendum. Einnig eru sérstakir færnitímar í verkgreinum fyrir nemendur úr einhverfudeild. Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Áherslur í námsmati eru frumkvæði, vinnubrögð og virkni. Símat á vinnu í tímum og verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að veita nemendum sífellda endurgjöf og leiðsögn. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn fyrir hverja verkgrein. Sjá nánar á Mentor

### Heimilisfræði

Nám í heimilisfræði snýst um næringu og hollustu, matreiðslu og vinnubrögð, matvælafræði, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd. Með námi í heimilisfræði er stefnt að því að auðvelda nemendum að takast við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur í nútímasamfélagi. Lögð er áhersla á að nemandi kynnist undirstöðupáttum í mælingum og læri undirstöðu í vinnubrögðum við matreiðslu og bakstur. Einnig er lagt upp með að nemandi kynnist því hvað er hollt mataræði, hann þekki fæðuhringinn og læri undirstöðupætti í umhverfisvernd.

## Bjargir í heimilisfræði fyrir kennara og nemendur

- Gott og gaman, kennslubók fyrir byrjendur
- Glærur úr bókinni, Heimilisfræði fyrir byrjendur
- Líf og leikur I eftir Janus Guðlaugsson
- Verkefni á náms.is
- Landlaeknir.is

## Hönnun og smíði

Kennsla í hönnun og smíði tekur mið af hæfileikum og getu einstaklings og stuðlar að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Nemendur fá þjálfun í að móta hugmyndir í efni eð þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemendur vinna verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra og byggja á fyrri reynslu.

## Bjargir í hönnun og smíði fyrir kennara og nemendur

- Hönnun og smíði I – 4 bekkur
- Google.com
- Smidakennari.is
- woodmagasine.com.
- Legetøj af Træ
- Sjove ting af træ
- Flere sjove ting af træ
- Fugle af træ
- Trælegetøj
- Klip, sy &sa

## Textíl

Textíl nám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla sem og ríkri hefð fyrir nýtingu og endurnýtingu. Námsgreinin felur í sér bæði hönnun og handverk. Kennsla í textíl byggir á því að þroska og þjálf hug og hönd nemanda, kenna þeim vandvirkni og rétt vinnubrögð. Lögð er áhersla á að efla hugmyndaflug og sköpunarhæfni nemanda, vekja áhuga á textíl og verkmenningu. Í textíl námi þjálfast nemendur í að beita ýmsum áhöldum, umgangast þau og þekki heiti þeirra.

## Bjargir í textílmennt fyrir kennara og nemendur

- Hugmyndabanki kennara
- Hannyrðir í 3.- 6. Bekk
- Á prjónunum
- Prjonumsaman.com
- <http://vefir.nams.is/textilmennt/index.html>

# Samfélags- og náttúrufræði

Samfélags- og náttúrufræðigreinar haldast í hendur og fléttast viðfangsefni þeirra vel saman. Því er kennsla í þessum greinum því samþætt á yngsta stigi. Með slíkri samþættingu fá nemendur heildstæða kennslu í greinunum sem gefur nemendum færi á að öðlast góða tilfinningu fyrir samspili samfélags og náttúru.

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, svo sem réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð. Náttúrugreinar skiptast í náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífsvísindi og umhverfismennt. Náminu er ætlað að flétta saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Í samfélags- og náttúrufræði er stuðlað að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda. Nemandinn er virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi. Markmið kennslunnar er m.a. að stuðla að skilningi nemenda á þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Nemendum er gert kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir á viku (40mín).

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í samfélagsfræði í 3. bekk

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð:	<ul style="list-style-type: none"><li>vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,</li><li>fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika,</li><li>beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,</li></ul>
Jafnrétti:	<ul style="list-style-type: none"><li>fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,</li><li>temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,</li><li>fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi,</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi:	<ul style="list-style-type: none"><li>fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi,</li><li>tekur tillit til skoðana annarra,</li><li>kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li><li>fær tækifæri til að læra um lýðræði.</li></ul>

<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlast þekkingu á menningarlæsi, svo sem ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum,</li> <li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li> <li>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína,</li> <li>• sækir sér efni á veraldarvefinn,</li> <li>• tekur þátt í samvinnu,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. í list- og verkgreinum,</li> <li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Unnið með viðfangsefni út frá söguaðferð, nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum ýmist einstaklingslega eða í hóp. Áhersla er lögð á myndræna úrvinnslu og innlögn, virkar umræður og vettvangsferðir. Verkefni eru löguð að þörfum hvers og eins. Stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar koma inn í námshópa þar sem þörf er á. Leitast er eftir því að nemendur geti:

- aukið vísýni og hæfni til að skila veruleikann,
- eft sjálfsmynd og aukið hæfni sína til að átta sig á sjálfum sér og öðrum,
- aukið hæfni sína til að mynda og þróa tengsl sín við aðra,
- unnið með samfélagslega þætti, sögu, menningu og félagslegt umhverfi, einnig þætti er varða náttúruna, lífsskilyrði, umhverfið og náttúruvernd.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn. Sjá nánar á Mentor.

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Litróf kennsluáferðina
- Að mörgu er að hyggja

- Leiklist í kennslu
- Listin að spyrja
- Vísindavefurinn
- Skólavefurinn
- Nams.is
- Leikjavefurinn
- Vefur lýðheilsustöðvar
- Fjölgreindir í skólastofunni
- Youtube.com

## Skák

Skák eflir rökhugsun, sjálfsaga, forsjálni og einbeitingu. Hún reynir á sköpunargáfu og þjálfar færni leikmanna í að setja sig í annarra spor, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Með því að gera skákkennslu hluta af skólstarfinu má jafnframt efla þrautseigju nemenda, félagsleg tensl og samheldni. Skákiðkun leiðir saman ólíka hópa nemenda með mismunandi bakgrunn á ólíkum aldri sem að öðrum kosti leiða jafnan ekki saman hesta sína.

Ýmsir kostir fylgja því að hefja skákkennslu strax á yngsta stigi. Kennsla í yngstu bekkjunum leggur sjálfkrafa höfuðáherslu á leik og gleði og þar liggur ótvíræður styrkur skáklistarinnar í hefðbundnu skólstarfi til lengri tíma. Ef skák er lifandi leikur strax hjá yngstu nemendum er vonin sú að sú leikgleði haldi áfram fram eftir aldri. Mikilvægt er að halda tryggð við þá hugsun að skákin sé leikur í skólastofunni þar sem nemendur mega njóta þess að tefla.

**Tímajöldi á viku:** Sex kennslustundir (40 mín) á viku, 6-7 vikur í senn.

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skák í 3.bekk:

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri til þess þjálfra færni sína í að leita stöðugt nýrra leiða og lausna við að takast á við aðstæður,</li> <li>lærir leiðir til þess að halda einbeitingu og ró þegar óvæntir leikir, hindranir og aðstæður koma upp á taflborðinu,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær námsefni og kennslu miðað við getu og færni,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>ber ábyrgð á eigin námi,</li> <li>hefur tækifæri til að velja um einstök verkefni,</li> <li>lærir og fer eftir leikreglum skáklistarinnar,</li> <li>öðlast þjálfun í að hugsa áður en hann framkvæmir og sjá fyrir sér afleiðingar eigin ákvarðana og hvernig hann gæti brugðist við,</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>læri tungumál skáklistarinnar</li> <li>öðlast færni í að lesa og skilja fjölbreytt verkefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>hugar að eigin velferð og annarra,</li> <li>þjálfast í að taka ákvörðun og taka af skarið þrátt fyrir endalusa möguleika á mismunandi leikjum og leikjaröðum,</li> </ul>

- Sköpun:**
- þjálfast í að ímynda sér röð leikja og atburða áður en þeir eiga sér stað,
  - þjálfast í óhlutbundinni hugsun,
  - þjálfar ímyndunarafl sitt og hæfileika til að sjá fyrir ólík atvik og mynstur í huganum.

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Kennt er í námslotum á móti list- og verkgreinum þar sem nemendur fá að jafnaði 34 kennslustundir í hverri grein. Nemendum árgangsins er skipti í blandaða hópa. Í grunninn er viðfangsefni allra nemendanna það sama en þó getur áherslan og verkefni verið mismunandi eftir gerð hópsins og aðlagð að einstaka nemendum. Einnig eru sérstakir færnitímar í verkgreinum fyrir nemendur úr einhverfudeild. Nánari útlistun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

Lögð er áhersla á að læra skáklistina í gegnum leik. Nemendur kynnast skákheiminum (taflborð, klukka, skákhegðun, manngangur), kíkja í sögu og þróun taflmanna og taka þátt í skákmóti.

Í kennslunni er áhersla á að nemendur:

- læri mannganginn og skákreglur,
- efli sjálfstraust sitt og virðingu fyrir öðrum,
- læri að fara eftir reglum,
- læri að það er ekki mikilvægast að sigra heldur að vera með og gera sitt besta.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Áherslur í námsmati eru frumkvæði, vinnubrögð og virkni. Símat á virkni í tímum og verkefnum nemenda. Lögð er áhersla á að veita nemendum sífellda endurgjöf og leiðsögn. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn. Sjá nánar á Mentor.

### Þjargir fyrir kennara og nemendur

- [www.skak.is](http://www.skak.is)
- [www.chess.com](http://www.chess.com)

## Skólaíþróttir

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund. Megintilgangur þeirra að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði, stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsueflingar. Þeir kynnast fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Markmið skólaíþróttta er að efla sjálfstraust og stuðla að betri líkamsvitund og andlegri vellíðan.

Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga og styrkir þá félagslega. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif hreyfingar, heilbrigðs lífennis og velferðar til framtíðar. Í skólaíþróttum er leitast eftir því að koma til móts við þarfir, færni og áhugasvið nemenda í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla. Helstu viðfangsefnin eru grunnþjálfun, leikir, vatnsaðlögun, köfun, flot, leikfimi og knattleikir. Rík áhersla er lögð á almenna kurteisi og jákvæð samskipti.

**Tímafjöldi á viku:** Þrjár kennslustundir (3x40 mín) á viku

### Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í skólaíþróttum í 3.bekk:

Grunnþáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áttar sig á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti,</li> <li>stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi, gerir sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífennis,</li> <li>gerir sér smátt og smátt grein fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á heilsuna,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>rættar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,</li> <li>fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,</li> <li>rættar hæfileika sína og tekur þátt í leikjum án fordóma,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>hefur áhrif á einstaka kennslustundir og verkefnaval,</li> <li>kemur fram við samnemendur og starfsfólk af virðingu,</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>les í aðstæður, skynjar umhverfi sitt, rými og lærir að hlusta á líkama sinn,</li> <li>fær tækifæri til að ræða um mikilvægi heilbrigðs lífennis,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>lærir að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu,</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lærir leiki og miðlar þeim áfram,</li> <li>• getur sagt frá eigin vali á hreyfingu og velur leiki sem höfða til hans og veita honum ánægju,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• býr til einfalda leiki eða setur saman stutta æfingalotu,</li> <li>• nýtir ímyndunarafl sitt í leik og starfi.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem oft er notað. Í kennslunni er áhersla á:

- hreinlæti, grunntækni og uppbyggingu þols,
- samskipti í gegnum leiki,
- fræðslu um næringu og heilbriggt lífferni,
- að læra og fylgja þeim reglum sem eru í gildi á íþróttá- og sundstöðum.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Símat sem byggir á virkni nemenda, samskiptum, færni og framförum. Nemendur metnir út frá ýmsum þrautum og æfingum. Námsmat í sundi byggir á sundstígunum (I-10). Námsmat er gefið með hæfnieinkunn og umsögn á Mentor.

### Þjargir fyrir kennara og nemendur

- Skólaíþróttir/skólasund
- Þjálfun, heilsa, vellíðan
- Leikjavefurinn.is
- *arnthorr.tripod.com*

## Stærðfræði

Stærðfræðin hefur verið mikilvægur hluti menningarinnar frá upphafi. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra reglur, lögmál, kerfi og mynsur. Í aldanna rás hafa hugtök og táknmál um stærðir, rými og reglur þróast í stöðugri viðleitni mannsins til að ná meiri stjórn á aðstæðum sínum og auka getu sína til aðgerða. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

**Tíma fjöldi á viku:** Fimm kennslustundir (40 mín) á viku.

### Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í stærðfræði í 3. bekk

Grunnpáttur	Áherslupættir Nemandi:
<b>Heilbrigði og velferð:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær tækifæri til þess að vinna út frá styrkleikum og áhuga,</li> </ul>
<b>Jafnrétti:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>fær námsefni og kennslu miðað við getu og færni,</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>ber ábyrgð á eigin námi,</li> <li>hefur tækifæri til að velja um einstök verkefni,</li> <li>þróar með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar,</li> </ul>
<b>Læsi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kynnist hugtökum stærðfræðinnar,</li> <li>öðlast færni í að lesa og skilja fjölbreytt stærðfræðiverkefni,</li> </ul>
<b>Sjálfbærni:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>hugar að eigin velferð og annarra,</li> </ul>
<b>Sköpun:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>tjáir sig á fjölbreyttan hátt, t.d. með teikningum, myndum, töflum og myndritum.</li> </ul>

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í stærðfræði er notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur fá innlagnir frá kennurum, taka þátt í umræðum, fá þjálfun í notkun reikniaðgerða og rökhugsun. Nemendur vinna einstaklingslega, í pörum eða í hópum. Námsárinu er skipt upp í ákveðna námsþætti sem nemendur vinna að hverju sinni. Árgangurinn vinnur þannig með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur eru með einstaklingsmiðuð verkefni eftir getu, færni, áhuga og virkni. Einnig er unnið að ákveðnum þemaverkefnum nokkrum sinnum yfir veturinn. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar sinna kennslu í minni hópum þar sem þurfa þykir.

Leitast er eftir því að nemendur geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- leyst fjölbreyttar stærðfræðiþrautir sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og tengt þau við daglegt líf,
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna,
- framkvæmt útreikninga með náttúrulegum tölum og unnið með þær,
- náð góðum tókum á helstu hugtökum stærðfræðinnar,
- geti gefið dæmi og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð
- leyst dæmi með óþekktum stærðum,
- áttað sig á reglum í mynstrum, speglað og hliðrað flatarmyndum,
- unnið með einfaldar mælingar,
- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Nánari útlitun á viðfangsefnum, hæfniviðmiðum, námsgögnum og leiðum má finna í námslotum á Mentor.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Eins og fram kemur í Aðalnámsská grunnskóla er mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Hæfniviðmið nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið meðfram fjölbreyttum verkefnum. Námsmat að vori er gefið í hæfnitáknum og umsögn. Sjá nánar á Mentor.

### Bjargir fyrir kennara og nemendur

- nams.is
- skolavefurinn.is
- Þrautir og annað námsefni.
- Ýmis hjálpargögn sem nota má í kennslu svo sem segla myndir fyrir töflu, tappa, peninga, kubba, bönd, teygjur, bréfakemmur, spegla og fl.
- Námsspil
- Gagnvirk verkefni t.d. eins og Sproti í Noregi og nams.is
- Stærðfræðiverkefni af netinu